

Mánudaginn 9. febrúar 1987.

Nr. 181/1986. **Sigurður Gíslason**

gegn

**Einari Ingimundarsyni
uppboðshaldara í Kjósarsýslu
Húsnæðisstofnun ríkisins
vegna Byggingarsjóðs ríkisins
Jóni Ingvari Pálssyni og
Þorkeli Jóhanni Pálssyni
persónulega og f.h. sameignar-
félags þeirra Pálsson sf.
(áður Hosbyhús sf.)
Lífeyrissjóði Sóknar
Landsbanka Íslands
Samvinnuþryggingum GT
Mosfellshreppi
Búnaðarbanka Íslands
Stálmúsgagnagerð Steinars hf.
Útvegsbanka Íslands
Erni Höskuldssyni
Steypustöðinni hf.
Heklu hf. og
Stáliðjunni hf.**

Synjað um frest. Máli vísað frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Guðmundur Skaftason og Halldór Þorbjörnsson.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 6. júní 1986. Áfrýjað er nauðungaruppboði er fram fór í uppboðsrétti Kjósarsýslu hinn 14. maí 1986 á þinglýstri fasteign áfrýjanda að Leirutanga 4, Mosfellshreppi. Málið var þingfest í Hæstarétti 1. október 1986 og þá frestað í fjóra mánuði til 2. febrúar 1987. Kraft-ist áfrýjandi þá frekari frests til framlagningar ágrips í málinu til aprílmánaðar.

Stefndu, Pálsson s/f og Örn Höskuldsson, mótmæltu frekari

fresti til ágripsgerðar, þar eð áfrýjandi hefði þegar haft nægan frest í því skyni.

Mál þetta var upphaflega þingfest í uppboðsrétti Kjósarsýslu 5. ágúst 1983 samkvæmt uppboðsbeiðni Arnar Höskuldssonar hdl., dags. 15. júní 1983. Síðan var málinu margfrestað að beiðni uppboðspóla (áfrýjanda), en hinn 21. nóvember 1984 fór fram annað og síðasta uppboð á eigninni. Hinn 30. s.m. áfrýjaði uppboðspóli uppboðinu til Hæstaréttar til þingfestingar 7. janúar 1985. Í október s.á. varð útvíst af hálfu áfrýjanda og málið því fellt niður.

Þar sem hæstbjóðandi á uppboðinu 21. nóvember 1984 stóð ekki við boð sitt var ákveðið að uppboð skyldi fram fara að nýju og það ráðgert 17. desember 1985. Hinn 16. desember 1985 var áfrýjanda veitt heimild til greiðslustöðvunar í þrjá mánuði eða til 16. mars 1986. Að þeim fresti liðnum var uppboð ákveðið 21. mars 1986. Þann dag var uppboðinu enn frestað, að kröfu áfrýjanda, til 16. apríl s.á., og þá enn til 21. og síðan 22. s.m., en með úrskurði uppkveðnum í uppboðsrétti Kjósarsýslu 28. s.m. var synjað um frekari frest. Uppboðið fór síðan fram 14. maí 1986, og var því áfrýjað til Hæstaréttar með stefnu 6. júní s.á., svo sem að framan getur.

Samkvæmt því sem nú hefur verið rakið hafði áfrýjandi haft um það bil 10 mánuði til þess að láta útbúa ágrip dómsgerða, er fyrri áfrýjun hans (hæstaréttarmálið nr. 236/1984) var felld niður vegna útvistar, en næstum 8 mánuði í þessu hæstaréttarmáli.

Áfrýjandi hefur því þegar haft ærinn frest til ágripsgerðar og er greinilegt að hann er vísitandi að draga málið á langinn.

Ber því að synja frestbeiðni áfrýjanda og vísa málinu frá Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.
